

Greinargerð með ársreikningi 2024

Rekstrarreikningur

Tekjur eru tæpum 6,2 milljónum hærri en áætlað var og gjöld rúmum 508 þúsund lægri. Helsta skýringin er sú að talsvert fleiri sóttu námskeiðin en við höfðum búist við ásamt öðrum þáttum sem verður komið inn á hér síðar í greinargerðinni.

Gert var ráð fyrir um tæplega 19 milljóna króna tapi sem að endaði í 11,4 milljóna tapi. Hreinar fjármunatekjur voru áætlaðar um 2,4 milljónir en eru tæplega 3,3 milljónir. Þar munar mestu um stórauðnar vaxtatekjur, ásamt tapi í gengismuni. Vaxtatekjur voru árið 2024 um 4,49 milljónir en áætlun gerði ráð fyrir tæplega 3 milljónum. Fimleikasambandið ávaxtar handbæru fé sínu á hagstæðum sparnaðarreikningnum og það, ásamt hagstæðu vaxtaumhverfi til sparnaðar, skapar þennan mikla mun í vaxtatekjum. Á árinu 2024 var skipt um aðalreikning sambandsins með þeim árangri að vaxtatekjur jukust. Þó er vert að taka fram, að þó vaxtatekjur sambandsins hafi hækkað á árinu, hefur verðbólga einnig verið mikil.

Styrkir og framlög

Styrkir og framlög til Fimleikasambandsins voru rúmum 6,3 milljónum hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Ríkisstyrkur var 450 þúsund lægri en áætlað var en þó hærri en síðustu ár. Útbreiðslustyrkurinn var 450 þúsund hærri en áætlun gerði ráð fyrir og síðustu ár.

Styrkur úr afrekssjóði ÍSÍ var jafn hár og áætlunin gerði ráð fyrir þar sem úthlutunin lá fyrir en þó 18,5 milljónum lægri en upphaflega áætlun gerði ráð fyrir og tæplega 15,2 milljónum lægri miðað við samanburðanlegt ár. Af þessari upphæð var 1 milljón króna hækkan í flokknum einstaklingsstyrkir. Þeir einstaklingar sem fá einstaklingsstyrkina geta notað hann upp í æfinga- og keppnisferðir og fagþjónustu og eru eyrnamerkir tilteknum einstaklingum. Árið 2024 voru einstaklingsstyrkirnir 4 milljónir.

Lottó skilaði 464 þúsund meira en áætlun gerði ráð fyrir og 300 þúsund meira en árið áður.

Tekjur vegna Ólympíusamhjálpar er einstaklingsstyrkur eyrnamerkur Valgarði Reinhardssyni og er greiddur beint út til hans. Styrkurinn er tæpum 500 þúsund lægri en gert var ráð fyrir og frá síðasta ári, en þar sem Ólympíuleikarnir voru haldnir 2024 voru aðeins greitt styrkinn 2svar sinnum það ár, miðað við 3svar sinnum árið 2023.

Styrkir frá samstarfsaðilum voru 2,5 milljón hærri en áætlun gerði ráð fyrir og 3,5 milljón hærri en árið áður, en styrkirnir eru vegna fastra samninga sambandsins við sína samstarfsaðila, þar á meðal icelandair og icepharma.

Fimleikasjóður var örlítið lægri en árið áður, útskýrist það á því að nokkrir einstaklingar hafa hætt að styrkja sjóðinn. Fimleikasambandið er skráð á almannaeillaskrá sem skapar skattalega hvata til að styrkja góð málefni. Það er því von okkar að styrktarsöfnun taki við sér á komandi árum.

Aðrar tekjur eru styrkir og framlög sem falla ekki undir fasta samstarfsaðila sambandsins. Tekjur af þessum lið eru ríkisstyrkur vegna málþings og fyrir árangur á Evrópumótinu í hópfimleikum.

Innlend mót og sýningar

Mótin árið 2024 voru betur sótt en árið 2023, en FSÍ mót, sem eru mótagjöldin eru aðeins yfir áætlun en dómaragjöldin eru aðeins undir áætlun. Framlag aðildafélaga og húsaleiga þar á móti er lægra en áætlað var og einnig lægra en árið áður.

Dómarakostnaður er undir áætlun, eins og dómaragjöldin, en þó hærri en hefur verið síðustu ár. Það komu nýir samningar haustið 2023 sem getur útskýrt þessa hækkun. Ef borin eru saman dómaragjöld á tekjuhlið og dómarakostnaður á kostnaðarhlið er um 500 þúsund króna munur sem er umsýslugjald Fimleikasambandsins fyrir að halda utan um greiðslur til dómara. Í venjulegum mánuði er sú vinna einn vinnudagur en í mánuði með mótum hverja helgi er ljóst að sú vinna er þá meiri og er þegar mest verður tveir vinnudagar í mánuði.

Kostnaður verðlauna er lægri en áætlun gerði ráð fyrir og má rekja það til betri nýtingar á verðlaunum. Fimleikasambandið merkir einungis ártöl á Íslands- og Bikarmótum og getur því nýtt birgðir af verðlaunum annarra móta betur með minni fjárhags- og umhverfislegum kostnaði.

Hlutur mótshaldara er um 400 þúsund yfir áætlun og 500 þúsund hærri en árið áður. Það helst í hendur við aukna þátttöku og lægri verðlaunakostnað.

Flutningskostnaður er kostnaður af mótahaldi úti á landi en þessi kostnaðarliður var áður færður undir annar mótakostnaður.

Skipting launakostnaðar vegna mótahalds er aðeins lægri en í fjárhagsáætlun 2024 en hærri en árið 2023, en stór hluti af annar mótakostnaður er aðkeypt vinna við skipulagningu móta í áhaldafimleikum, þar sem starfsmaðurinn sem sér um mótaskipulagið er ekki á launaskrá hjá Fimleikasambandinu.

Tekjur af mótasviði námu tæpum 50 milljónum og gjöldin rúmum 49 milljónum. Ef launakostnaður, sem eru tæpar 10,8 milljónir, vegna mótasviðs er dreginn frá má sjá að hagnaður af mótasviði var um 11,5 milljónir. Því má segja að eins og staðan er núna rekur mótasvið því næst sem eitt starfsgildi. Hafa ber þó í huga að þriðjungur af mótagjöldum er eyrnamerkur afreksstarfi sambandsins.

Aðrar tekjur er leiga af skorkerfi.

Alþjóðleg mót og sýningar

Tekjur á sviðinu voru rúmlega 5 milljónum lægri en áætlað var.

Tekjur vegna áhaldafimleika eru tæplega 4 milljónum hærri en áætlað var, en ekki var áætlað tekjur á móti útlögðum kostnaði einstaklingsstyrkjanna, sem kemur undir “áhaldafimleikar”.

Tekjur vegna hópfimleika eru tekjur vegna Evrópumótsins í hópfimleikum, en Ísland sendi 5 lið til Azerbajan. Í þessum lið er einnig Norðurlandamót unglunga, þar sem Fimleikasambandið rukkaði fyrir þátttöku, flug og hótél.

Undir liðnum fimleikar fyrir alla er golden age. Það var reiknað með fleiri einstaklingum á golden age og áætlunin gerði einnig ráð fyrir að Fimleikasambandið keypti flug fyrir þátttakendurnar en þau sáu um það sjálf, sem lækkar þar af leiðandi tekjurnar og flugkostnaðinn á móti. Þetta útskýrir afhverju tekjurnar eru 8,9 milljónum lægri en áætlunin gerði ráð fyrir. Á móti lækka liðirnir þáttökugjöld, hótél, flug, matur o.s.frv. og jafnar þetta út.

Framlag aðildarféлага var aðeins undir áætlun en er hærra en árið 2022. Þessi liður helst í hendur við „aðstöðu“ í kostnaðarhlutanum.

Ef við skoðum gjöldin þá er flugkostnaðurinn yfir áætlun, þótt sú liður lækkaði vegna golden age, en flugið á Evrópumótið í hópfimleikum var mun hærra en áætlað var. Hótél kostnaðurinn er vel undir

Laun landsliðsþjálfara er 1,5 milljón undir áætlun, hluti af launum tveggja landsliðsþjálfara er undir “hæfileikamótun” þar sem þessir þjálfarar sáu einnig um það verkefni, sem útskýrir hluta af mismuninum.

Hæfileikamótun er undir áætlun þar sem ekki var fenginn erlendur gestaðþjálfari eins og til stóð.

Kostnaður fagteymis er 3,7 milljónum hærri en áætlað var. Útlagður kostnaður iðkenda á einstaklingsstyrkjum ÍSÍ kemur undir „fagteymi“ sem kostnaður, t.d. sjúkrakostnaður, en sá liður er rúmlega 1,6 milljón en kemur á móti sem tekjur undir „áhaldafimleikar“. Einnig fellur undir fagteymið kostnaður af fagteymi í afreksstarfi, bæði uppihald og laun. FSÍ vill vera að auka fagteymisþjónustu í verkefnum sínum frá ári til árs, en launakostnaður fagaðila er hár og því þarf að gera það í skrefum.

Styrkir eru allir útgreiddir styrkir lagðir saman; einstaklingsstyrkir ÍSÍ, Ólympíustyrkir og aðrir styrkir.

Aðrar tekjur og annar kostnaður er logo sala hjá landsliðum í hópfimleikum. Aðrar tekjur eru einnig styrkur úr verkefnasjóð fyrir dómaranámskeiði erlendis og sala á stuðningsmannabolum.

Tekjur vegna alþjóðlegra móta og sýninga voru tæpar 133,8 milljónir og gjöldin tæp 207,5 milljónir. Tap á afrekssviði, án skiptra launa, er því 73,7 milljónir. Séu laun þeirra starfsmanna sem koma að sviðinu reiknuð með er ljóst að tapið er tæp 103 milljónir. Hins vegar er hluti tekna á öðrum sviðum eyrnamerkt afrekssviði. Má þar nefna styrk úr afrekssjóði ÍSÍ [stjórnunarsvið], þriðjungur leyfisgjalda [leyfisgjöld] og þriðjungur mótagjalda [mótasvið]. Séu allar þessar tekjur lagðar saman til móts við gjöldin er ljóst að tapið af sviðinu er rúmlega 38,9 milljónir (sjá töflu).

Tekjur og gjöld alþjóðlegra móta og sýninga

Tekjur	
Tekjur vegna alþjóðlegra móta og sýninga	133,799,700.00
Tekjur vegna mótahalds (1/3)	6,255,566.67
Tekjur vegna leyfiskerfi (1/3)	8,271,758.33
Afrekssjóður ÍSÍ	49,532,000.00
Samtals tekjur	197,859,025.00

Gjöld	
Gjöld vegna alþjóðlegra móta	207,485,630
Laun vegna alþjóðlegra mótra og sýninga	26,475,111
Laun vegna fagteymis	2,831,562
Samtals gjöld	236,792,303
Mismunur	(38,933,278.00)

Námskeið og fræðsluefni

Þjálfaranámskeiðin voru fleiri og betur sótt en áætlað var og voru tekjurnar tæplega 13 milljónum yfir áætlun, og einnig vel hærri en síðustu ár. Haustið 2024 féll undanþágu þjálfaraleyfið úr gildi og þurftu því öll lið að vera með að minnsta kosti einn þjálfara með viðeigandi þjálfaraleyfi á hverju móti, ásamt því að allir aðstoðarþjálfarar þurftu að minnsta kosti að vera með brons leyfi. Námskeið 4A og 4B var einnig klárað árið 2024, sem er einnig með að útskýra hækkunina. Námskeiðin voru fleiri en árið 2023 sem útskýrir þessa hækkun. Ferðakostnaðurinn er hærri þar sem voru fleiri námskeið úti á landi en áætlað var.

Á móti hækkun tekna hækkar einnig kennsluliður undir gjöldum.

Önnur námskeiðið er fræðsludagurinn, sem var 359 þúsund krónur yfir áætlun og jafnframt verulega hærri en árið 2023. Árið 2023 var í fyrsta skiptið sektað fyrir ef þjálfarar mættu á mót og voru ekki búið að ljúka fræðsludeginum, sem getur skýrt þessa hækkun.

Aðrar tekjur er styrkur úr verkefnasjóð fyrir fræðsludag og aðgangseyrir á málþing.

Framlag aðildarféлага og húsaleiga var hærri en áætlað var þar sem fleiri námskeið fóru fram þetta árið í samanburði við árið áður.

Námsefnisgerð var undir áætlun og er nú nánast lokið. Það á eftir að fara yfir og samræma alla hlutana.

Tekjur af námskeiðum og fræðslu voru tæpar 21,4 milljónir og gjöldin rúmar 16,6 milljónir. Ef tekinn er inn launakostnaður af sviðinu upp á rúmlega 10 milljónir er ljóst að tap af fræðslusviði er 5,3 milljónir sem er áhyggjuefni. Við bindum vonir við að þegar nýtt fræðslukerfi verður fullunnið og aukning verði í þátttöku geti fræðslusvið verið sjálfbært um eitt starfsgildi.

Leyfiskerfi

Iðkendum fimleikahreyfingarinnar heldur áfram að fjölga en tekjurnar af leyfiskerfinu eru tæplega 200 þúsund lægri en áætlun gerði ráð fyrir en þó tæpum 400 þúsund krónum hærri en árið þar á undan. Aðrar tekjur eru seinskráningar og ef við tökum þær út úr myndinni er enn minni hækkun frá árinu á undan.

Aðrar tekjur

Undir liðnum aðrar tekjur eru félagaskipti á árinu sem og tekjur vegna útlagðs kostnaðar sem tilheyrir ekki FSÍ. Dæmi um slíkan útlagðan kostnað er þjálfaranámskeið á vegum FIG, sem þjálfarar sóttu. Aðrar erlendar tekjur er útlagður kostnaður vegna funda erlendis þar sem alþjóðlega sambandið (FIG) endurgreiðir þann kostnað að hluta til.

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld voru rúmar 73,6 milljónir árið 2024 sem er 1,5 milljónum undir áætlun og 10,1 milljónum lægri en árið 2023. Ástæða þessa er að á árinu voru allt að fjórir starfsmenn í fæðingarorlofi í mislangan tíma. Vegna óvæntrar niðurstöðu við úthlutun afrekssjóðsins var ákveðið að ráða ekki nýja starfsmenn með því markmiði að draga úr kostnaði. Verkefnum þeirra sem voru í fæðingarorlofi var því dreift á þá starfsmenn sem eftir voru á skrifstofunni.

Hugbúnaðarkostnaður var rúmum 500 þúsund krónum yfir áætlun. Kostnaður vegna aðstoðar Advania við bókhaldskerfið bókfærir undir hugbúnaðarkostnaði en ætti e.t.v. fremur heima undir liðnum bókhaldskostnaður/ráðgjöf. Samtals er sá kostnaður 160.637 krónur. Einnig var reikningur frá Advania vegna þjónustu í desember 2023 bókaður á reikningsárið 2024, að fjárhæð 91.556 kr.

Síma- og internetkostnaður var lægri en áætlun gerði ráð fyrir og svipaður og í fyrra, en við fengum nýjan samning síðasta haust.

Bókhaldskostnaður/ráðgjöf er langt undir áætlun en svipaður og 2022, en þessi liður var of áætlaður. Ástæðan fyrir að þessi liður var hærri í fyrra var vegna lagfæringa á leyfiskerfinu árið 2022 en bókfærir árið 2023.

Gjafir voru aðeins undir áætlun.

Uppskeruhátíð var aðeins yfir áætlun, en verðlaunin voru dýrari en áætlað var.

Fundakostaður er á undir áætlun og er talsvert lægri en árið áður. Kostnaður vegna stjórnar FSÍ er undir fundarkostnaði. Stjórnarmeðlimum var ekki boðið á jólahlaðborð með starfsfólki FSÍ líkt og árið 2023, sem útskýrir hluta af mismuninum.

Húsaleiga er hærri en áætlun þrátt fyrir að við leigðum hluta af skrifstofunni okkar tímabundið til að lækka þann kostnað.

Tryggingar eru svipaður og árið áður, en þessi kostnaður eru tryggingar vegna atvinnureksturs.

Annar kostnaður er bankakostnaður, seðil- og útskriftargjöld. Skoðaður er möguleiki á að færa það næst undir liðnum fjármagnsgjöld.

Rekstrargjöld Fimleikasambandsins eru því samanlagt rúmar 83,1 milljónir eða um tæpum 12,7 milljónum lægri en árið 2023, þar sem stærsti munurinn er launa- og bókhaldskostnaður.

Afskriftir

Klárað var að afskrifa óinnheimtanlegar skuldir árið 2022 og var því ekkert afskrifað árið 2024.

Fimleika Events ehf.

Það var ekki mikil starfsemi í Fimleika Events á árinu 2024. Tekjurnar hjá Fimleika Events voru áhaldasala og stuðningsmannabólir fyrir Evrópumótið í hóp fimleikum. Gjöldin voru flutningskostnaður áhalda, tölvukostnaður auk gjaldfærðra áhalda- og tækjakaupa vegna Norðurlandamótsins 2023.

Tap - Fimleika Events

Rekstrartekjur Fimleika Events voru rúmar 3,3 milljónir og gjöld tæpar 4,8 milljónir. Tap ársins er með fjármunatekjum tæpar 1,8 milljónir.

Eigið fé Fimleika Events var neikvætt um tæpar 4,8 milljónir í lok árs 2023 vegna skuldar félagsins við Fimleikasambandið. Tap félagsins er fært til lækkunar á eigin fé félagsins sem stendur í tæpum 6,6 milljónum við lok árs 2024.

Fjáreignartekjur og (fjármagnsgjöld) - Samsteypu

Vaxtatekjur voru tæpar 4,5 m.kr. á árinu. Árið 2021, samhliða því að fjármálaregluverk sambandsins var samþykkt, var hafinn sparnaður á 30 daga bundnum vaxtareikningi með ágætis vöxtum. Vaxtaumhverfi á Íslandi hefur verið hagstætt til sparnaðar og hafa þessar vaxtatekjur því rokið upp og munar sambandinu mikið um. Sé leiðrétt fyrir verðlagi og

fjármagnstekjuskattur dreginn frá er ljóst að vaxtatekjur eru að skila tæplega 400 þúsund krónum. Því eru vaxtatekjurnar árið 2023 að mesti leyti að halda í við verðlag.

Vaxtagjöld og bankakostnaður er 693.657 krónur og gengismunurinn var neikvæður um 519.860 kr. Hreinar fjármunatekjur árið 2023 eru því 3,3 m.kr.

Tap ársins

Tap ársins nam 11,4 milljónum króna, sem er 7,5 milljónum minna en áætlað var. sléttu ári. Rekstrarniðurstöður eru yfirleitt bornar saman milli sléttra ára og oddatöluára. Venjan er sú að hagnaður myndist á oddatöluárum, sem er þá nýttur til að jafna út tap sem verður á sléttum árum. Sambandið fékk aukaúthlutun úr Afrekssjóði árið 2025, og hefur verið ákveðið að nýta hluta af þeirri úthlutun til að mæta tap ársins 2024.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningurinn nær til samstæðu Fimleikasambandsins og Fimleika Events, þ.e.a.s. efnahagi félaganna tveggja er steipt saman.

Veltufjármunir

Birgðir

Þessi liður lækkar þar sem þau áhöld sem keypt voru fyrir Norðurlandamótið 2023 voru seld á árinu 2024.

Viðskiptakröfur

Þær viðskiptakröfur sem eru til staðar eru að mestu leyti greiðslur frá ÍSÍ sem eru greiddar árið 2025, þar á meðal var loka greiðsla úr afrekssjóði ÍSÍ fyrir árið 2024 að upphæð 2.532.000 kr. sem lækkar þennan lið að mestu leiti.

Aðildarfélög

Skuldir aðildarféлага lækka um 500 þúsund krónur. Flest allar skuldir aðildarféлага eru í greiðslusamningi og í lok apríl 2025 hefur mestur hluti þessa skulda verið greiddur og stendur í tæpum 3 milljónum í lok apríl.

Handbært fé

Handbært fé minnkar um 16,6 milljónir. Þessi lækkun er að miklu leyti vegna tap ársins.

Eigið fé og skuldir

Hlutfé að upphæð 500.000 kr. er eign í dótturfélaginu Fimleika Events ehf.

Óráðstafað eigið fé FSÍ var 71,1 m.kr. í lok ársins 2024, sem er óráðstafað eigið fé FSÍ árið 2023 auk rekstartaps ársins 2024. Óráðstafað eigið fé Fimleika Events ehf. var –7,1 m.kr. í lok ársins 2024 sem er óráðstafað eigið fé í lok árs 2023 auk rekstrarafgangs fyrirtækisins á árinu 2024. Þegar óráðstöfuðu eigið fé samstæðunnar er steipt saman myndast upphæðin 64.044.585 kr

Eigið fé í lok ársins 2023 er því 64.044.585 kr. sem er lækkun um rúmar 11,4 milljónir á milli ára.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir hafa hækkað talsvert mikið milli ára. Ástæða þess er að óskað var eftir reikningum sem uppá vantar tímanlega til að greiðsla geti farið fram á árinu.

Ógreidd launatengd gjöld

Launatengd gjöld vegna desemberlauna hafa áður verið greidd í janúar, en voru greidd í desember 2024. Þess vegna lækkar þessi liður á árinu 2024.

Greiðslukort

Um er að ræða skuld á VISA kortum sem tilheyrir 2024 en voru greidd í byrjun árs 2025.

Ógreiddur virðisaukaskattur

Tilheyrir að öllu leyti Fimleika Events. Vegna stærðar félagsins var félagið í tveggja mánaða skilum. Skil á virðisaukaskattsskýrslu nóvember og desember er 5. febrúar og greiðslan fer sömuleiðis fram þá.

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

Veltufé frá rekstri var neikvætt árið 2024. Rekstrarniðurstaða ársins var tap upp á 11,4 m.kr., og þar sem engar afskriftir voru færðar hafði tapið bein áhrif á sjóðstreymið.

Skammtímakröfur og skammtímaskuldir hækkuðu á árinu. Skammtímakröfur hækkuðu um rúmlega 11,9 m.kr. og skammtímaskuldir hækkuðu um 6,8 m.kr. Vegna þessa er neikvæð breyting á rekstartengdum eignum og skuldum um tæpar 5,2 milljónir. Því er handbært fé frá rekstri neikvætt í lok ársins um tæplega 16,6 milljónir og handbært fé í árslok því samtals 44.400.373 krónur.